

**hvað?
hvar?
hvenær?**
NÓVEMBER

14 15 16 **17** 18 19 20
Mánudagur

■ ■ KVIKMYNDIR

☐ Sjá www.kvikmyndir.is

Sambíóin Kringlunni, s. 588 0800
Sambíóin Álfabakka, s. 587 8900
Háskólabíó, s. 530 1919
Laugarásbíó, s. 553 2075
Regnboginn, s. 551 9000
Smárbíó, s. 564 0000
Sambíóin Keflavík, s. 421 1170
Sambíóin Akureyri, s. 461 4666
Borgarbíó, Akureyri, s. 462 3500

■ ■ FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Dr. Christian Pfeiffer** flytur fyrirlestur á Grand Hótel í Reykjavík um áhrif fjölmiðla á börn og unglinga.

☐ 12.30 **Eggert Pétursson** flytur fyrirlestur um verk sín og feril í LHÍ, í Laugarnesi, stofu 024.

☐ 16.00 **Dr. Christian Pfeiffer**, lögfræðingur og forstöðumaður rannsóknastofnunar í afbrotafraeði (KFN) í Hannover, flytur fyrirlestur á ensku um afbrot og ofbeldi unglinga. Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu 1 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands.



☐ 20.00 Séra **Sigurður Arnarson** flytur erindi um sorgina og minnstap í Grafarvogskirkju.

■ ■ SAMKOMUR


☐ 09.00 Hinn svínsæli **basar á Hrafnistu í Hafnarfirði** verður haldinn í dag kl. 9-16. Á basarnum er til sölu fjölbreytt handavinna heimilisfólks Hrafnistu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**HÓTEL
HÓLT**

GIRNILEGIR JÓLAMATSEÐLAR
OG LJÚFFENG VÍN

LÍTID INN Á WWW.HOLT.IS
OG PANTID TÍMANLEGA


RELAIS & CHATEAUX.

WWW.HOLT.IS
BERGSTAÐASTRÆTI 37 • SÍMI: 552 5700



KATRÍN JOHNSON

Besti bitinn í bænum er núðlur með kjúklingi á Thai matstofunni,“ segir Katrín Johnson, dansari í Íslenska dansflokknum. „Ég fer reglulega þangað og maturinn er bæði góður og ódýr.“

Umfjöllun
kvikmyndir

Kynlíf, kannabis og keðjusög

Það má deila lengi um það hvort það þjóni einhverjum vitrænum tilgangi að endurgera gamlar hryllingsmyndir og sjálfsagt mun þessi nýja útgáfa af hinni alræmdu Texas Chainsaw Massacre misþjóða mörgum sem hafa upprunalegu myndina frá 1974 í hávegum.

Í þá daga var unglíngahrollurinn ferskur og nýr en formúlan er orðin ansi útvötnuð eftir þrjá áratugi enda gengur hún enn út á það að snælduvitlausir brjáðlingar spretta fram úr skúmaskotum og slátra ungu fólki sem reykir, drekkur brennivín, dópar og stundar kynlíf. Það væri því synd að segja að það sé eitthvað nýtt á ferðinni hér en það verður þó að segja 2003 árgerðinni af The Texas Chainsaw Massacre það til varnar að hún er ekkert verri en þeir unglíngahrollar sem boðið hefur verið upp á undanfarin ár.

Skíturinn og viðbjóðurinn í kringum úrkynjaða fjölskylduna, sem brytjar ferðalanga sem eiga erindi til Texas í spað, er alveg hreint ágætur og nokkur klassísk bregðuatríði hafa tilætluð áhrif. Ofbeldið sem gekk fram af fólki fyrir 30 árum er hins vegar ekkert til að tapa sér yfir í dag enda kippa sér fáir upp við aflímanir og húðflettingar á þessum tímum þar sem allt er leyfilegt. Vélsögin er að vísu orðin svolítið gamaldags og þunglamalegt morðvopn en það er samt eitthvað sjarmerandi við að sjá afmyndaðan óskapnaðinn hlaupta í æðiskasti á eftir ung-



ÞÓRSMÖRK
Ein af ljósmyndum Ólafs Magnússonar á sýningunni í Hafnarhúsinu.

Landslagsmyndir hirðljósmyndarans

LJÓSMYNDASÝNING Árið 1921 var Ólafur Magnússon ljósmyndari fenginn til þess að fylgja Kristjáni X konungi og fjölskyldu hans á ferð um Suðurlandið. Í kjölfar konungsheimsóknarinnar hlaut Ólafur titilinn konunglegur hirðljósmyndari. „Hann fær þennan titil frá Danmörku og má eftir það auglýsa sig með þessu, sem hann gerir alveg grimmt. Hann setur meira að segja kórónu inn á myndirnar sínar sem stimpil,“ segir Ívar Brynjólfsson, ljósmyndari og sérfræðingur á myndadeild Þjóðminjasafnsins. Ívar er sýningarstjóri stórrar sýningar á ljósmyndum Ólafs, sem opnuð var í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu um helgina.

Kristján X kom þrisvar aftur í heimsókn til Íslands, og jafnan var

Ólafur með í för að ljósmynda. Á sýningunni má sjá myndir úr tveimur fyrstu ferðunum. Ívar segir landslagsmyndir Ólafs skipa stóran sess á sýningunni. „Það er von mín að með þessari sýningu falli hann inn í þann stað sem honum ber í íslenski landslagsmyndahefð. Þessar ljósmyndir hans eru feikilega góðar og fara auðveldlega fram úr megninu af því sem er að gerast í dag.“

Ólafur er sonur Magnúsar Ólafssonar ljósmyndara, sem sjá má ljósmyndir eftir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í næsta húsi við Hafnarhúsið. Ólafur lærði hjá föður sínum en hélt síðan í framhaldsnám í ljósmyndun í Kaupmannahöfn. Hann kom síðan heim og opnaði ljósmyndastofu í

Templarasundi, þar sem hann fékk góðar viðtökur strax frá byrjun. Ólafur er líka fyrsti íslenski ljósmyndarinn til að sýna erlendis. „Hann sýndi tvisvar í Danmörku á fjórða áratugnum. Í seinna skiptið kemur drottningin að skoða myndir Ólafs og hann færir henni að gjöf tvær ljósmyndir.“

Sýningin er komin frá Þjóðminjasafni Íslands. Á ljósmynda-deild safnsins er að finna gífurlega merkilegar heimildir eftir marga helstu ljósmyndara þjóðarinnar, þar á meðal um það bil 40 þúsund ljósmyndir eftir Ólaf Magnússon einan. „Þetta er með stærsta ljósmyndaýningin sem haldin hefur verið á vegum Þjóðminjasafnsins,“ segir Ívar. ■

mennum með sögna á lofti. Þeir sem vita að hverju þeir ganga ættu því að geta verið sáemilega sáttir við þessa útgáfu en þeir sem efast ættu að halda sig fjarri Leðurfési og hyskinu hans. ■



THE TEXAS CHAINSAW MASSACRE


Leikstjóri: Marcus Nispel
Aðalhlutverk: Jessica Biel, Jonathan Tucker, R. Lee Ermey

Umfjöllun
tónlist

Damien Rice er næs

TÓNLIST Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér sagði Jesús á krossinum og hafði kannski bara rétt fyrir sér. Samt vissi ég vel að leiðir mínar og Damien Rice myndu á endanum liggja saman. Vinir höfðu bent mér á að hlýða á frumraun hans, þar sem hún væri „langt yfir meðallagi“. Ég er ekkert sérstaklega auðtrúa maður en meðmælin komu úr trúverðugum áttum. Loks hittumst við Damien í hljóðheiminum og ég grannskoðaði piltinn frá toppi til táar. Með varúð þó, svipað eins og læðan skoðar maka sinn áður en hún ákveður að renna upp skottinu.

Jú, platan er góð og langt yfir meðallagi. Hún er tilfinningaþrungin, heidarleg og flutningurinn er sjarmerandi brothættur. Damien getur verið svolítið sykursætur í tilfinningalegri einlægni sinni, en



DAMIEN RICE:

Ó

kannski er hann bara svona tilfinningaríkur maður? Einn af þessum djúpu karlmönnum sem fá ekki hárlátt á bringuna?

Damien er gjörsamlega berstripaður á frumraun sinni, bæði í útsetningum og lagasmíðum, og er með hjartað hangandi á skyrtukraganum á allra færi. Hugljúf plata með textum sem fjalla um sigra og ósigra í ástum. Fínt fyrir ráðvillta karlmenn eins og mig sem skilja ekkert í kvenfólki.

Æi, hvað er ég eiginlega að reyna að segja hérna? Plata fyrir þá sem eru hrifnir af allsberum karlmönnum með kassagítar? Úff, nú hlýtt ég alveg að vera að missa það!?

Birgir Örn Steinarrson



FRÉTTABLAÐIÐ ER
FLUTT Í FRÉTTAHÚSIÐ

Skaftahlíð 24 • Sími 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir